

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 27. maí 2024
UST202405-211/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og nýtt deiliskipulag vegna Litla Botnslands.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 vegna Litla Botnsland 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint verður nýtt svæði verslunar og þjónustu þar sem nú er skilgreint frístundasvæði. Svæðin sem breytingin nær til er úr landi Litla-Botnslandi 1, sem er um 12,1 ha að stærð. Auk þess kemur fram að innan svæðis verður m.a. gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 198 manns í hóteli og minni gestahúsum ásamt veitingarekstri, náttúruböðum, útivist og annarri ferðatengdri þjónustu. Einnig segir að ekki er þörf á matstilkynningu til Skipulagsstofnunar, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem stærðarviðmið verða vel undir viðmiðunarmörkum greinar 12.04 í viðauka 1.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur og er númer 201 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.“

Í dag er svæðið óraskað og innviðir og byggingar í dalnum fáar. Því þarf náttúruminjaskrá að vera umhverfisviðmið í umhverfismati með viðeigandi matsspurningum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á gróður, landslag og ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða

staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Verndarsvæðið sem hér um ræðir, eins og kemur fram að ofan er á náttúruminjaskrá, nefnist Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur og er verndað vegna meðal annars vegna landslags og einn helsti umhverfispáttur verkefnisins er landslag og ásýnd.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir tölverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Birkiskógur

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

(<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>)

Umhverfisstofnun bendir á að Land og skógur hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Því er mikilvægt að leitað sé umsagnar Lands og skógar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur